

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Hnefaleikadeild Elmar Freyr Aðalheiðarson

Hnefaleikadeild tilnefnir Elmar Frey Aðalheiðarson í kjöri á Íþróttafólki Þórs 2025.

Elmar Freyr varð bikarmeistari og Íslandsmeistari í þungavigt á árinu.

Elmar Freyr hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn í þungavikt fjórum sinnum og orðið bikarmeistari sex sinnum.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Hnefaleikadeild Valgerður Telma Einarisdóttir

Hnefaleikadeild tilnefnir Valgerði Telmu Einarisdóttur fyrir kjör á íþróttafólki Þórs árið 2025.

Valgerður Telma er *Golden Girl* 2025.

Valgerður er virkilega efnileg hnefaleikakona. Þar sem hún er aðeins 17 ára hefur það takmarkað mjög möguleika hennar á að fá mótherja til keppni. Hún keppti á móti í Svíþjóð á árinu, Golden Girl, stærsta kvennamóti í hnefaleikum í Evrópu. Þar fékk hún andstæðing og sýndi mikla yfirburði.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Knattspyrnudeild: Sigfús Fannar Gunnarsson

Knattspyrnudeild tilnefnir Sigfús Fannar Gunnarsson fyrir kjör á íþróttafólki Þórs árið 2025.

Sigfús var valinn besti leikmaður meistaraflokks Þórs keppnistímabilið 2025.

Sigfús var lykilmaður í liði Þórs sem vann B-deildina í ár og var jafnframt markahæsti leikmaður deildarinnar með 15 mörk í 21 leik. Alls skoraði Sigfús 19 mörk í 28 leikjum á árinu þegar bikarkeppni og deildarbikar er talið með. Sigfús Fannar var valinn besti leikmaður deildarinnar af Fótbolta.net.

Sigfús er 23 ára gamall og hefur leikið alls 65 leiki í deild og bikar fyrir Þór og skorað 23 mörk. Framfarirnar hjá Sigfúsi í ár voru eins og sjá má á tölfræðinni gríðarlegar.

Sigfús Fannar er uppallinn hjá Þór og fór upp í gegnum alla yngri flokka félagsins. Á þeirri leið hefur hann þurft að leggja mikið á sig og unnið fyrir því að fá tækifæri með meistaraflokki félagsins.

Hann er yngri iðkendum góð fyrirmynd þegar kemur að því að leggja sig fram á æfingum og gefast ekki upp þegar á móti blæs, sem gerist alltaf á einhverjum tímapunkti í öllum íþróttum.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Knattspyrnudeild, Þór/KA Hulda Björg Hannesdóttir

Stjórn Þórs/KA tilnefnir Huldu Björgu Hannesdóttur fyrir kjör á íþróttafólki Þórs árið 2025.

Hulda Björg hefur verið lykilmaður í meistaraflokki Þórs/KA undanfarin ár. Í ár spilaði hún alla leiki liðsins í Bestu deildinni, Mjólkurbikarnum og Lengjubikarnum, alls 30 leiki. Hún tók við fyrirliðastöðunni síðsumars og leiddi liðið á erfiðum og spennuþrungnum lokaspretti Íslandsmótsins þar sem hún hjálpaði liðinu að tryggja áframhaldandi veru í deild þeirra bestu. Hulda Björg er ósérhlífin og setur liðið alltaf í fyrsta sæti. Hún leiðir liðið með krafti og dugnaði og er öðrum hvatning innan sem utan vallar.

Hulda Björg á að baki 238 leiki með meistaraflokki Þórs/KA í KSÍ-mótum og Meistaradeild Evrópu, þar af eru 169 í efstu deild og fimm Evrópuleikir.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Handknattleiksdeild Brynjar Hólm Grétarsson

Handknattleiksdeild tilnefnir Brynjar Hólm Grétarsson fyrir kjör á íþróttafólki Þórs 2025.

Brynjar Hólm hefur á árinu 2025 sýnt og sannað að hann er einn af burðarásunum í liði Þórs. Hann var ekki aðeins drifkraftur í því stóra verkefni að tryggja liðinu sæti í deild þeirra bestu, heldur hefur hann tekið stökkið upp í Olísdeildina af miklu öryggi. Brynjar er leikmaður sem stígur upp þegar mikið liggur við og hefur sýnt stöðugleika sem smitar út frá sér til samherja.

Brynjar lék lykilhlutverk í baráttunni um sæti í Olísdeildinni. Þegar spennan var sem mest sýndi hann mikinn karakter og leiddi liðið með góðu fordæmi, bæði með mörkum og góðri varnavinnu. Það er oft stórt skref að fara upp um deild, en Brynjar hefur sýnt að hann á heima í efsta styrkleikaflokki. Í vetur hefur hann verið einn af bestu mönnum Þórs og verið klettur í vörninni þar sem hann les leikinn vel og stöðvar sóknir andstæðinganna, en er jafnframt ógnandi og útsjónarsamur í sóknarleiknum.

Íþróttafólk Pórs 2025 TILNEFNINGAR



Rafíþróttadeild Árveig Lilja Bjarnadóttir

Rafíþróttadeild tilnefnir Árveigu Lilju Bjarnadóttur fyrir kjör á íþróttafólki Pórs árið 2025.

Árveig Lilja spilaði 17 landsleiki sem fyrirliði og hápunkturinn var þegar Ísland vann Sviss í undankeppni HM.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Rafíþróttadeild Stefán Máni Unnarsson

Rafíþróttadeild tilnefnir Stefán Mána Unnarsson fyrir kjör íþróttafólks þórs árið 2025.

Stefán Máni hefur verið framúrskarandi fyrirliði þórs í Rocket League og undir hans stjórn er liðið ósgrað í tvö ár og eru Íslandsmeistartitlarnir orðnir fjórir í röð.

Stefán Máni var einnig fyrirliði íslenska landsliðsins í Rocket League og spilaði hann 11 leiki á þessu ári, í riðlinum unnu þeir fjóra leiki, gerðu fjögur jafntefli og töpuðu tveimur leikjum, féllu svo úr keppni á móti Portúgal í 16 liða úrslitum.

Stefán Máni er flott fyrirmynd fyrir krakka í rafíþróttum.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Körfuknattleiksdeild Emma Karólína Snæbjarnardóttir

Körfuknattleiksdeild tilnefnir Emmu Karólínu Snæbjarnardóttur fyrir kjör á Íþróttafólki Þórs árið 2025.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Emma verið lykilmaður í meistarflokksliði Þórs, verið fastamanneskja í yngri landsliðum og tekið þátt í verkefnum með þeim.

Emma er fyrirliði meistarflokks kvenna sem farið hefur með himinskautum í upphafi tímabilsins, skilar iðulega fallegum tölfræðilínum og er öflug á báðum endum vallarins.

Emma er frábær fyrirmynd og algjör lykilkona í því uppbyggingarstarfi sem á sér nú stað hjá yngri flokkum kvenna.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Körfuknattleiksdeild Pétur Nikulás Cariglia

Körfuknattleiksdeild tilnefnir Pétur Nikulás Cariglia yrir kjör á íþróttafólki Þórs árið 2025.

Pétur hefur komið sterkur inn í meistaraflokk karla á tímabilinu, byrjað nokkra leiki og sýnt frábæra takta.

Pétur hefur leikið með yngri landsliðum Íslands og var í U-16 ára liði Íslands sem vann til silfurverðlauna á Norðurlandamótinu í Kisakallio síðastliðið sumar.

Pétur er líkamlega sterkur, áræðinn, klókur og samviskusamur. Körfuknattleiksdeild Þórs bindur miklar vonir við Pétur og fleiri unga leikmenn til framtíðar og útnefnir hann með stolti körfuknattleiksmann Þórs 2025.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Píludeild Matthías Örn Friðriksson

Píludeild tilnefnir Matthías Örn Friðriksson fyrir kjör á íþróttafólki Þórs árið 2025.

Matthías Örn hefur verið meðal fremstu pílukastara landsins undanfarin ár. Það var því sannarlega ánægjulegt þegar Matti gekk til liðs við píludeild Þórs á árið 2023 og hefur síðan keppt undir merkjum félagsins í öllum mótum. Á yfirstandandi ári tryggði hann sér Íslandsmeistaratitilinn í 501 einmenningi og hefur þar með fimm sinnum hlotið þann titil á síðustu sex árum.

Íslandsmeistaramótið í 501 einmenningi er jafnframt stærsta mót ársins á vegum Íslenska pílukastssambandsins. Á árinu lét Matti einnig að sér kveða á alþjóðavettvangi og tók þátt í mótum erlendis með góðum árangri. Hann lék 34 leiki utanlands, vann 17 þeirra og tapaði 17, en í öllum tilvikum var um beinan útslátt að ræða. Meðaltal hans á erlendum mótum var 82, sem telst mjög gott í pílukasti. Matti er mikil fyrirmynd fyrir aðra keppendur og hefur verið eitt helsta andlit íslensks pílukasts undanfarin ár. Hann á ríkan þátt í þeirri framþróun sem greinin hefur tekið hér á landi og á fullt lof skilið fyrir sitt framlag.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Píludeild Sunna Valdimarsdóttir

Píludeild tilnefnir Sunnu Valdimarsdóttur fyrir kjörið á íþróttafólki Þórs 2025.

Sunna Valdimarsdóttir hefur átt frábært ár í pílukasti fyrir píludeild Þórs. Sunna vann öll meistaramót píludeildar Þórs í kvennaflokki, 501 einmenningi, 301 einmenningi og krikket einmenningi. Sunna heldur því á þremur stórum titlum á þessu ári í meistaramótum hjá píludeild Þórs. Sunna hefur að auki verið öflug í að byggja upp kvennastarfið og verið kröftugur sjálfboðaliði hjá píludeild Þórs.

Íþróttafólk Þórs 2025 TILNEFNINGAR



Handknattleiksdeild, KA/Þór Bergrós Ásta Guðmundsdóttir

Handknattleiksdeild tilnefnir Bergrós Ástu Guðmundsdóttur fyrir kjör á íþróttafólki Þórs árið 2025.

Bergrós Ásta hefur sýnt mikinn metnað, fagmennsku og ótrúlega hæfileika á vellinum. Hún er fyrirmyndar íþróttakona sem sameinar hæfileika, vinnusemi og sterkan karakter. Hún hefur þegar sýnt að hún getur leitt lið sitt til sigurs og staðið sig á landsliðsvettvangi.

Bergrós Ásta hefur vaxið hratt sem leikstjórnandi og er þekkt fyrir að taka mikið til sín í leikjum. Hún lék alla leiki á síðasta tímabili þar sem KA/Þór stóð uppi sem sigurvegari í Grill 66-deildinni. Hún var lykilleikmaður í sigurgöngu liðsins og hlaut viðurkenningu sem besti og efnilegasti leikmaður deildarinnar á uppskeruhátíð HSÍ.

Auk frábærs árangurs með KA/Þór hefur Bergrós Ásta verið mikilvægur hluti af yngri landsliðum Íslands og tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum. Hún hefur einnig framlengt samning sinn við KA/Þór til sumarsins 2027, sem tryggir að hún verði áfram sterkur burðarás í liði félagsins næstu ár.